

Umsögn Barnageðlæknafélags Íslands um frumvarp til laga um barnalög nr. 76/2003, 778. mál.

Barnageðlæknafélag Íslands fagnar tímabæru, vel ígrunduðu og faglega unnu frumvarpi um breytingar á ákvæðum barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til ýmsar nýjungar og réttarbætur þegar taka á ákvörðun í málefnum barna. Félagið fagnar því sérstaklega að það liggi til grundvallar að ákvarðanir miðist alltaf við það sem barninu er fyrir bestu. Frumvarpið tekur einnig tillit til mismunandi ástæðna fjölskyldna og þeirrar þróunar og viðhorfsbreytinga sem hafa orðið í samfélaginu.

1. Félagið fagnar sérstaklega einu af fyrstu nýmælum frumvarpsins (sbr. 12. grein) þar sem lagt er til að foreldrum beri skylda til að leita sátta áður en unnt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um tiltekin ágreiningsefni, (þ.e. mál um forsjá, umgengni, dagsektir og aðför). Félagið tekur sérstaklega undir það að foreldrar taki sjálfir fullan þátt í öllu ferlinu. Einnig er það ánægjulegt að gert sé ráð fyrir að veita barni kost á að tjá sig við sáttameðferð með tilliti til aldurs og þroska nema telja meg að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit máls. Félagið álitur þessi nýmæli í frumvarpinu vera sérstakt fagnaðarefni og bera vott um mikla framsækni. Að sama skapi vill félagið láta koma fram tvær athugasemdir sem eru taldar mikilvægar.

Fyrst bera að nefna að barnageðlæknum finnst mikilvægt að sérfræðingarnir sem munu taka að sér hlutverk svokallaðra sáttamanna hafi nægilega menntun og reynslu í þessum mjög svo viðkvæmu málefnum. Æskilegt væri að barnalögin skilgreini með skýrum hætti hvaða fagaðilar munu fá heimild til að taka að sér þessi hlutverk og einnig við hvaða aðferðir verði stuðst í þessum efni.

Í öðru lagi telur Barnageðlæknafélagið mikilvægt að fá það algerlega á hreint í frumvarpinu hvort ekki verði örugglega tryggt fjármagn í þessa nýju starfsemi sýslumanns embættu.

2. Barnageðlæknar fagna þessari tillögu um að dómurum verði veitt heimild til þess að leysa sérstaklega úr ágreiningi foreldra um lögheimili án þess að forsjármál sé rekið samhliða. Einnig eru mikilvægy þau nýmæli að sýslumaður geti úrskurðað til bráðabirgða um umgengni. Hinsvegar vill félagið taka með miklum fyrirvara þessa tillögu að barn geti ekki átt lögheimili á tveimur stöðum samtímis. Mismunandi skoðanir eru milli fagaðila þess efnis og Barnageðlæknafélagið óskar eftir því að stigið verði varlega til jarðar í þessu efni og að tekið verði tillit til allra nýjustu rannsókna og niðurstaða í málaflokknum.

Barnageðlæknafélagið álitur að brotið sé blað með 31. grein frumvarpsins þar sem tekið er fram að sýslumaður geti á öllum stigum máls leitað liðsinnis sérfræðings á málefnum barns. Leggja verður áherslu á að hér sé um sérhæfð mál að ræða.

Mikilvægt sé að sýslumaður meti í hvert sinn hvort og að hvaða leiti sé þörf á aðkomu

annarra sérfræðinga en jafnframt sé nauðsynlegt að sýslumaður tryggi að í hverju máli liggi fyrir nægilegar upplýsingar til að niðurstaða ráðist af hagsmunum barns.

Að lokum vill Barnageðlæknafélagið lýsa yfir ánægju sinni með þeirri áherslubreytingu sem fram kemur í frumvarpinu að finna aðrar leiðir sem miða að því að koma á sáttum og farsælli lausn í málefnum barna. Félagið telur þessi nýmæli vera mikilvæga framsækni í barnalögum þar sem hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi og þeir tryggðir.

Fyrir hönd stjórnar Barnageðlæknafélags Íslands
Bertrand Lauth, formaður